

mótt 27.01.10

Mýrdalshreppur  
b/t Skipulags og byggingarnefnd.  
Austurvegi 17  
870 Vík

Reykjavík 24. Janúar 2010

**Efni:** Athugasemd og fyrirspurn vegna Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2009-2025.

Undirritaður, fyrir hönd landeigenda jarðarinnar Eystri-Sólheima, gerir með þessu bréfi grein fyrir athugasemdum við nýlega auglýst aðalskipulag Mýrdalshrepps. Þetta eru viðbót við fyrri athugasemdir sem áður hefur verið komið til Skipulags og byggingarnefndar, en tekið hefur verið tillit til þeirra.

Að þessu sinni er athugasemdin smávægileg. Sýnt er á kortinu efnistökusvæði ES19. Það er ekki á réttum stað, m.v. GPS punkt sem undirritaður tók í námunni 3. Október 2009. Á meðfylgjandi korti (sjá næstu blaðsíðu) er punkturinn sýndur.

Hnit hans eru í landshnitakerfi Íslands (ÍSN93)


Austur (X) = 487454

Norður (Y) = 333605

Samkvæmt Sveitarfélagsupprætti dags. 14. desember 2009 virðist naman staðsett töluvert suðvestan við þessa staðsetningu. Farið er fram á að námusvæði ES19 verið rétt staðsett á Sveitarfélagsupprætti.

Auk þessarar athugasemdar er vilja landeigendur og undirritaður fá upplýsingar um hvaða vatnafræðileg rök liggja til grundvallar skilgreiningu á vatnsverndarsvæði VS5 á aurum Klifandi.

Virðingarfyllst



Gunnlaugur M. Einarsson

Landfræðingur

Fálkagötu 34

107 Reykjavík

Tölvupóstur: [gunnlaugure@gmail.com](mailto:gunnlaugure@gmail.com)

Sími: 868-2581

